

Stofnanasamningur

milli SFR og Embættis forseta Íslands um reglur við röðun starfa

(Samkvæmt 11. kafla í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 9. mars 2005)

1. Gildissvið:

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR – Stéttarfélag í almannaþjónustu sem ráðnir eru til starfa hjá Embætti forseta Íslands.

2. Markmið:

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningi þessum:

1. að launakerfið sé gegnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
2. að launakerfið stuðli að starfsmetnaði og vinnuhagræðingu.

3. Grunnröðun starfa í launaflokka

Launakerfi stofnunarinnar byggir einkum á eftirfarandi starfslýsingum og starfaflokkum. Rétt er þó að taka fram að gerð er krafa til allra starfsmanna hjá Embætti forseta Íslands um ábyrgð og ríkan trúnað, fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og þjónustulund. Allir starfsmenn þurfa við vissar aðstæður að geta sinnt fjölbreyttum viðfangsefnum sem þá kalla á verkefnabundið álag og langan vinnudag. Þá vinna margir starfsmenn á fleiri en einni starfsstöð, þ.e. skrifstofu embættisins á Sóleyjargötu, forsetasetrinu á Bessastöðum og gestahúsi forseta.

Staðarhaldari á Bessastöðum	Staðarhaldari stýrir í umboði forsetaritara daglegum rekstri á forsetasetrinu á Bessastöðum í nánú samráði við forseta. Hann sér um framkvæmd á opinberum móttökum embættisins og móttöku einstakra gesta eða hópa á forsetasetrinu. Staðarhaldari ræður eftir þörfum lausráðið starfsfólk til aðstoðar á setrinu og stýrir verkum þess, annast daglega matseld og innkaup, og ber ábyrgð á þrifum á setrinu og í gestahúsi forseta. Þá annast staðarhaldari varðveislu gjafa og annarra muna og hefur yfirumsjón með gestahúsi forseta. Nánasti yfirmaður er forsetaritari.
Forsetabílstjóri	Starfsmaður sér um allan akstur með forseta Íslands og hefur umsjón með öllum bifreiðum embættisins. Honum eru einnig falin ýmis sérverkefni. Nánasti yfirmaður er forsetaritari.

Ráðsmaður I	Starfsmaðurinn annast ásamt öðrum daglegan rekstur, undirbúning og framkvæmd á risnu á forsetasetrinu og í gestahúsi forseta í nánú samráði við forseta. Ráðsmaðurinn annast einnig þrif á setrinu og tekur þátt í öðrum verkefnum eftir þörfum. Nánasti yfirmaður er staðarhaldari.
Ráðsmaður II	Starfsmaðurinn annast ásamt öðrum daglegan rekstur, undirbúning og framkvæmd á risnu á forsetasetrinu og í gestahúsi forseta í nánú samráði við forseta. Ráðsmaðurinn annast einnig þrif á setrinu og tekur þátt í öðrum verkefnum eftir þörfum. Nánasti yfirmaður er staðarhaldari.
Deildarstjóri I	Starfsmaður ber ábyrgð á og hefur umsjón með sérhæfðum verkefnum innan stofnunarinnar, ekki síst á vettvangi skjalavörslu, gagnavinnslu og fálkaorðunnar. Deildarstjóri I hefur umsjón með dagbók forseta og annast um textavinnslu á hans vegum. Nánasti yfirmaður er forsetaritari.
Deildarstjóri II	Starfsmaður ber ábyrgð á og hefur umsjón með sérhæfðum verkefnum innan stofnunarinnar, ekki síst á vettvangi fjármála, bókhalds, skipulagningar og úrvinnslu. Starfsmaðurinn hefur með höndum margvísleg samskipti við opinberar stofnanir á vegum embættisins og annast skipulagningu og framkvæmd á risnu forseta. Nánasti yfirmaður er forsetaritari.

Eftirfarandi launaflokkar eru grunnröðun starfa:

Forsetabílstjóri	020
Ráðsmaður I	020
Ráðsmaður II	020
Staðarhaldari	026
Deildarstjóri I	026
Deildarstjóri II	030

4. Starfsmannasamtöl og mat á frammistöðu

Árlega skulu fara fram starfsmannaviðtöl. Þau eru m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni og starfslýsingu, skipulag og stjórnun, starfsþróun, framgang í starfi, starfsfræðslu og endurmenntun og frammistöðu starfsmanns. Launamál skulu að öllu jöfnu ekki rædd í starfsmannasamtali.

5. Endurskoðun

Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Gildir þessi samningur frá 1. maí 2007.

Reykjavík, 10. maí 2007

Örnólfur Thorsson forsetaritari
f.h. Embættis forseta Íslands

Sonja M. Scott
F.h. SFR – Stéttarfélags í almannajónustu